



Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur samstæðu

2021

Klappir Grænar Lausnir hf.
Ármúla 4-6
108 Reykjavík
kt. 630914-1080

Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur samstæðu

2021

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4-5
Lykiltölur	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Skýringar	10-15

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Klappa grænna lausna hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Klappa grænna lausna hf. fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Klöppum grænum lausnum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Klappa grænna lausna hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 17. mars 2022

Deloitte ehf.

Birna María Sigurðardóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Starfsemin á árinu

Tekjur samkvæmt rekstrarreikningi.....	380.146.835
EDITDA.....	72.825.135
Tap félagsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	6.765.502
Eignir félagsins í lok tímabils samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	504.791.479
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	421.535.976
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	83,5%
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA).....	19,2%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	20

Hluthafar

Hlutfé félagsins nam 140,2 m.kr í lok árs 2021. Hlutfé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk, sjá nánar í skýringu 9. Í lok árs voru hluthafar 302 talsins og fækkaði þeim um 3 frá ársbyrjun 2021. Stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok árs:

	A hlutir	B hlutir	Samtals	Atkvæða- réttur
Kvistar eignarhaldsfélag ehf.....	48.275.375	18.773.950	67.049.325	96,55%
Sindrandi ehf.....	-	32.545.834	32.545.834	0,00%
Pund ehf.....	-	5.000.000	5.000.000	0,00%
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.....	-	3.619.579	3.619.579	0,00%
Eyktarsalir ehf.....	200.000	2.845.350	3.045.350	0,40%
Stey ehf.....	-	3.000.000	3.000.000	0,00%
Kjalvegur ehf.....	-	3.000.000	3.000.000	0,00%
Dexter fjárfestingar ehf.....	-	2.600.000	2.600.000	0,00%
Svana Helen Björnsdóttir.....	-	2.389.947	2.389.947	0,00%
KLAPPIR ehf.....	-	2.235.344	2.235.344	0,00%
Bjarni Þór Björnsson.....	-	2.175.474	2.175.474	0,00%
Haru Holding ehf.....	-	2.000.000	2.000.000	0,00%
Þorrasalir ehf.....	200.000	1.145.350	1.345.350	0,40%
Startup Reykjavík Invest ehf.....	742.775	-	742.775	1,49%
Sýn hf.....	581.850	-	581.850	1,16%
Aðrir hluthafar	-	8.822.872	8.822.872	0,00%
Samtals.....	50.000.000	90.153.700	140.153.700	100%

Stjórn Klappa grænna lausna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, NasdaqOMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Í reglunum má einnig finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins eru tvær konur (40%) og þrír karlar (60%).

Sjálfbærni

Stjórn vísar á frekari umfjöllun í Sjálfbærnisráðgjöf (e. Sustainability report) á heimasíðu félagsins.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.12.2021, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu 2021.

Stjórn og forstjóri Klappa grænna lausna hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. mars 2022

Í stjórn

Forstjóri

Lykiltölur

	31.12.2021	31.12.2020
Rekstrartekjur	380.146.835	321.842.318
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)	72.825.135	25.177.429
Hagnaður (-tap) tímabilsins	6.765.502	(37.595.088)
Arðsemi eigin fjár	1,6%	-5,2%
Arðsemi heildareigna	1,8%	-3,9%

	31.12.2021	31.12.2020
Heildareignir	504.791.479	484.535.474
Skuldir samtals	83.255.503	69.756.101
Eigið fé og skuldir samtals	504.791.479	484.535.474
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	5,3	6,4
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	83,5%	85,6%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé	3,0	3,0

Ýmsar stærðir sem hlutfall af tekjum

Annar rekstrarkostnaður	26,9%	28,7%
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)	19,2%	7,8%
Hagnaður (-tap) tímabilsins	1,8%	-11,7%

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur		268.484.120	232.795.301
Aðrar tekjur		<u>111.662.715</u>	<u>89.047.017</u>
		380.146.835	321.842.318
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(204.999.875)	(205.019.767)
Annar rekstrarkostnaður		(102.321.825)	(92.314.000)
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og tekjuskatt (EBITDA)		72.825.135	25.177.429
Afskriftir og niðurfærsla		<u>(64.097.780)</u>	<u>(58.616.026)</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		8.727.355	(33.438.597)
Fjármunatekjur		318.299	245.643
Fjármagnsgjöld		(2.307.266)	(3.893.914)
Gengismunur		<u>27.114</u>	<u>(337.848)</u>
	5	(1.961.853)	(3.986.119)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	8	0	(170.372)
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u><u>6.765.502</u></u>	<u><u>(37.595.088)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	6	223.655.624	236.614.079
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	4.414.466	2.490.000
Tekjuskattseign	10	21.320.520	21.320.520
		<u>249.390.610</u>	<u>260.424.599</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		40.531.378	40.171.895
Aðrar skammtímakröfur		136.991.462	103.255.161
Handbært fé		77.878.029	80.683.819
		<u>255.400.869</u>	<u>224.110.875</u>
Eignir		<u>504.791.479</u>	<u>484.535.474</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	9	140.153.700	140.153.700
Yfirverðsreikningur hlutfjár		494.199.200	494.199.198
Annað bundið eigið fé		113.010.584	77.144.267
Óráðstafað eigið fé		(325.827.508)	(296.717.792)
Eigið fé		<u>421.535.976</u>	<u>414.779.373</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við tengd félög	12	35.344.694	35.000.000
		<u>35.344.694</u>	<u>35.000.000</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		14.115.588	5.183.370
Aðrar skammtímaskuldir		33.795.221	29.572.731
		<u>47.910.809</u>	<u>34.756.101</u>
Skuldir		<u>83.255.503</u>	<u>69.756.101</u>
Eigið fé og skuldir		<u>504.791.479</u>	<u>484.535.474</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-tap)		8.727.355	(33.438.597)
Afskriftir		64.097.780	58.616.026
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		72.825.135	25.177.429
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(32.570.617)	(14.458.305)
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		11.620.642	(31.416.347)
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		51.875.160	(20.697.223)
Innborgaðir vextir og arður		0	245.643
Greiddir vextir		(2.307.266)	(3.893.914)
(Greiddur) innborgaður gengismunur		345.413	(337.848)
Handbært fé frá (til) rekstrar		49.913.307	(24.683.342)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í óefnislegum eignum	6	(51.261.403)	(19.986.684)
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(1.802.388)	0
Söluverð að frádregnu handbæru fé		0	(645.444)
		(53.063.791)	(20.632.128)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		0	64.875.482
Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög		344.694	(1.202.222)
		344.694	63.673.260
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(2.805.790)	18.357.790
Handbært fé í upphafi árs		80.683.819	62.326.029
Handbært fé í lok árs		77.878.029	80.683.819

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Klappir Grænar Lausnir hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Klappir Grænar Lausnir hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Ármúla 4-6, 108 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun	173.323.142	180.052.175
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	47.643.203	40.355.217
Eignfærð laun	(15.966.470)	(15.387.625)
	<u>204.999.875</u>	<u>205.019.767</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	20	20

Laun til forstjóra námu 13,7 m.kr. (2020: 8,4 m.kr.). Laun stjórnar námu 2,4 m.kr (2020: 2,2 m.kr.).

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	32.191	110.396
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	286.108	135.247
	<u>318.299</u>	<u>245.643</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld til tengdra félaga	(2.252.487)	(3.814.877)
Önnur vaxtagjöld	(54.779)	(79.037)
	<u>(2.307.266)</u>	<u>(3.893.914)</u>
Gengismunur og framvirkir samningar greinast þannig:		
Gengismunur	27.114	(337.848)
	<u>27.114</u>	<u>(337.848)</u>
	<u>(1.961.853)</u>	<u>(3.986.119)</u>

Skýringar

6. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2021	181.154.753	246.658.252	427.813.005
Eignfært á tímabilinu		49.727.337	49.727.337
Staða 31.12.2021	181.154.753	296.385.589	477.540.342
Afskriftir			
Staða 1.1.2021	73.763.007	117.435.919	191.198.926
Afskrift tímabilsins	17.920.881	44.764.911	62.685.792
Staða 31.12.2021	91.683.888	162.200.830	253.884.718
Bókfært verð			
Staða 1.1.2021	107.391.746	129.222.333	236.614.079
Staða 31.12.2021	89.470.865	134.184.759	223.655.624
Afskriftarhlutföll	10%	20%	

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld og tæki
Kostnaðarverð	
Staða 1.1.2021	5.146.859
Eignfært á árinu	1.802.388
Staða 31.12.2021	6.949.247
Afskriftir	
Staða 1.1.2021	2.656.859
Endurflokkun rekstrarfjármuna	(1.534.066)
Afskrift ársins	1.411.988
Staða 31.12.2021	2.534.781
Bókfært verð	
Staða 1.1.2021	2.490.000
Staða 31.12.2021	4.414.466
Afskriftarhlutföll	20%

8. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélagum

	Eignarhlutur	Afkoma tímabils	Eigið fé
Eignarhlutar í dótturfélagum:			
DataDrive ehf., Reykjavík	100,00%	(313)	7.038.598
Heilsumat ehf., Reykjavík	100,00%	0	(6.970.385)

Skýringar

9. Eigið fé

Hlutfé félagsins í lok árs 2021 er 140,1 m.kr. að nafnverði.

Hlutir félagsins skiptast í A og B hluti. Í A hluthafaflokki eru útgefnir 50,0 milljón hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna og eitt atkvæði fylgir hverri krónu flutafjár. Í B hlutflokki eru útgefnir 90,1 milljón hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti hafa flokkarnir sömu réttindi.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	134.026.661	405.450.757	101.921.114	(283.899.553)	357.498.979
Nýtt hlutfé	6.127.039	88.748.443			94.875.482
Afskr. af þróunarkostn.			(25.589.513)	25.589.513	0
Tap tímabilsins				(37.595.088)	(37.595.088)
Eigið fé 1.1.2021	140.153.700	494.199.200	76.331.601	(295.905.128)	414.779.373
Leiðrétt frá fyrra tímabili				(8.899)	(8.899)
Breyting bundins eign fjár ...			35.866.317	(35.866.317)	0
Hagnaður tímabilsins				6.765.502	6.765.502
Eigið fé 31.12.2021	140.153.700	494.199.200	112.197.918	(325.014.842)	421.535.976

Félagið hefur gefið út kaupréttarsamninga til starfsmanna að nafnverði 2.104.616 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Bundið eigið fé samanstendur af eignfærðum þróunarkostnaði í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

10. Tekjuskattseign

	Tekjuskattsinneign	
	2021	2020
Staða í ársbyrjun	21.320.520	21.320.520
Staða í árslok	21.320.520	21.320.520
Tekjuskattseign greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir	95.901	60.080
Óefnislegar eignir	(15.643.044)	(20.305.867)
Veltufjäreignir	2.018.908	2.038.169
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	147.515.825	135.671.331
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi	(112.667.070)	(96.143.193)
	21.320.520	21.320.520

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2021
Frá hagnaði ársins 2022	10.488.983
Frá hagnaði ársins 2023	12.735.553
Frá hagnaði ársins 2024	55.108.662
Frá hagnaði ársins 2025	80.817.277
Frá hagnaði ársins 2026	83.025.147
Frá hagnaði ársins 2027	79.443.777
Frá hagnaði ársins 2028	38.818.849
Frá hagnaði ársins 2029	158.512.542
Frá hagnaði ársins 2030	119.314.129
Frá hagnaði ársins 2031	99.314.206
	737.579.125

Skýringar

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög.

Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við starfsmenn, sjá nánar í skýringu 9.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Engin veruleg viðskipti voru við tengda aðila árin 2021 og 2020.

Stöður við tengd félög árið 2021:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa)		35.344.694
	0	35.344.694

Stöður við tengd félög árið 2020:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa)		35.000.000
	0	35.000.000

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

15. Önnur mál

Á árunum 2017-2021 hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaði. Stærsti hluti verkefnisins, sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði, hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi. Samstæðan fékk á árinu 2021 staðfestingu frá Rannís þess efnis að þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagsins vegna ársins 2021. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2021 nemur 112,7 m.kr.

17. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yferráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í lok tímabils.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Skýringar

17. Reikningsskilaaðferðir, frh.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við sameiningar félaga eða kaup á rekstri er mismunur á kaupverði og gangvirði hreinna eigna. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á 10 árum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna hugbúnaðar og þróunarkostnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Þróunarkostnaður er afskrifaður á 5 árum.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeilda í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skýringar

17. Reikningsskilaaðferðir, frh.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaganna teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitð hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirlit. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaganna umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.